

AFLIÐ

samtök gegn
kynferðis- og
heimilisofbeldi
á Norðurlandi.

Ársskýrsla

2011

Viðtöl

Einkaviðtöl ársins, þar með talin símaviðtöl, voru talsins 685 en voru 427 árið 2010. Aukningin var því **60.4%** og hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári.

Nýir einstaklingar fyrir árið 2011 voru alls 59 :

- Konur 14
- Karlmenn 12
- Aðstandendur 33

Þá eru ekki talinn fjöldinn allur af fyrirspurnum sem bárust í viku hverri frá öllu landinu. Starfskonur Afslsins gættu þess eins og fyrri ár að síminn væri opinn allan sólarhringinn alla daga ársins, en þetta eru einu samtökin á landinu sem er með símann opinn allan sólarhringinn.

Námskeið, málþing og heimsóknir

- Í janúar fóru Afslskonur suður á fyrirlestur í Iðnó um ofbeldi í samböndum.
- Febrúar koma Barnaverndarnefnd í heimsókn.
- Í maí var farið á Fund með Drekaflóð í Reykjavík, en það eru samtök sem að aðstoða þolendur hvers konar ofbeldis og að starfinu koma bæði konur og karlar.
- Samtökin Drekaflóð í Reykjavík komu og voru með kynningu á afleiðingum ofbeldis.
- Í október fór Aflið af stað með 12 spora fundi, ekki voru margir sem að nýttu sér það, þannig að ákvörðun var tekin um að fresta þeim um óákveðin tíma.



Afslskonur og Drekaflóðarkonur planka af mikilli innlifun á kirkjutröppun Akureyrar.

Sjálfs hjálparhópar

Í byrjun ársins fóru 3 sjálfs hjálparhópar af stað og aðrir 3 um haustið. Venjan er að 6 til 8 konur séu í hverjum hóp. Hver hópur fer yfir 17 atriði sem tengjast afleiðingum kynferðis- og/eða heimilisofbeldis. Hópurinn hittist 13-15 sinnum í 4-5 klst. í senn.

Heimsóknir

Birkir Sigurðsson kom færandi hendi og færði Aflinu peningaupphæð er safnast hafði á árhátíð Eyllífs, sem er Eyjafjarðardeild vélsleðamanna Íslands.

Þær góður konur Sigríður Ágústsdóttir, Bryndís Þórhallsdóttir og Guðrún Jóhannesdóttir komu og færðu Aflinu styrk, en þessar góður konur eru í Soroptimistafélaginu á Akureyri.

Regla Musterisriddararnir komu einnig og færðu Aflinu álitlega upphæð.

Ljósmeðrafélag Íslands gaf Aflinu einnig peningaupphæð, og kunnum við þessum góða fólki okkar bestu og dýpstu þakkir.

Styrktarhljómleikar

Árlegir styrktartónleikar Aflsins voru að þessu sinni miðvikudaginn 2.nóvember. Tónleikarnir voru haldnir í Akureyrarkirkju og að venju komu fram frábærir listamenn sem gáfu vinnu sína, en fram komu

Karлакór Akureyrar-Geysir- Valmar Völjaots - Gleráirkirkjukórinn

Helgi og hljóðfæraleikararnir - Óskar Pétursson

Þórhildur Örvardóttir - Margot Kiis

Jónína Björt Gunnarsdóttir – Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

Hljóðkerfaleiga Akureyrar lánuðu okkur öll tæki og tól og Trausti M Ingólfsson sá um að allt hljómaði vel. Akureyrarkirkja og starfsfólk hennar gaf einnig vinnu sína og þökkum við þessu yndislega fólk innilega fyrir.

Helgarvaktir

Að venju stóðu Aflskonur vaktina um verslunarmannahelgina og á bíladögum.

Starfskonurnar voru áberandi sem fyrri ár í sjálflýsandi merktum vestum félagsins. Þessi sýnileiki dró að sér athygli fólks sem vildi fræðast um félagið og jafnvel segja sögu sína.

Fræðsla og kynningarstarf

Aflið fór á ýmsa staði í vetur þar á meðal í alla 7-10 bekki grunnskóla Akureyrar til að halda fyrirlestra og segja frá sinni reynslu. Fólk virðist vilja vita hvað er í boði hvað varðar fræðslu og forvarnir. En eftirspurn hefur aukist til muna.

Fjármál

Aflið fær ákveðna upphæð frá Akureyrarbæ næstu 2 árin en undirritaður var samningur árið 2010 til 4 ára sem að hluta til tryggir fjárhagslega afkomu félagsins. Með tilkomu samningsins er Aflinu einnig tryggt öruggt húsnæði.

Farið var með af stað átakið „Segðu frá“ og létum við búa til armbönd til að vekja fólk til umhugsunar um að það er enginn skömm í að segja frá.

Styrkir

Akureyrarbær	1.200.000	Norðurorka	200.000
Akrahreppur	30.000	Musterisridðarar	50.000
Eylíf	150.000	Ríkissjóður	1.600.000
Einstaklingar	461.300	Skagabyggð	10.000
Ljósmeðrafélag	20.000	Soroptimismar	100.000
Eining-löja	60.000	Svalbarðsstrandarhreppur	10.000
Fjallabyggð	40.000	Svalbarðsstrandarhreppur	15.000
Grýtubakkahreppur	10.000	Sveitarfélagið Skagafjörður	50.000
Hörgársveit	50.0000	Þingeyjarsveit	50.000
Kvenf. Fjóskndæla	10.000		
		Styrkir alls	<u>4.116.300</u>

	<u>Gjöld</u>	<u>Tekjur</u>
Fært frá fyrra ári		1.233.167
Styrkir alls		4.116.300
Forvarnir/fræðsla/bæklingar	239.903	
Sími - öryggiskerfi	168.592	
Auglýsingar	141.714	
Kynningarstarf	111.937	
Skrifstofa og almennur rekstur	264.112	
Handleiðsla	42.000	
Vaktakostnaður	80.000	
Námskeið	174.460	
Laun v/sjálfs hjálparhópa	580.000	
Laun v/einkaviðtala	1.302.000	
Húsaleiga	480.000	
Launatengd gjöld	195.000	
Alls	<u>4.125.718</u>	<u>5.349.467</u>

Inneign í lok ársins var 1.223.749.-

Uppgjör ársins

Eftirspurn hefur aukist til muna frá árinu 2010 til 2011 eða um 60.4 % sem sýnir bara frama á að mikil þörf er á þessari þjónustu Aflsins. Samtökin hafa fundið fyrir enn meiri þrengingum á síðasta ári að erfitt er að fá styrki frá fyrirtækjum og sveitarfélögum. Aflskonur hafa þess vegna að hluta til gefið sína vinnu til að halda þessu gangandi. Aflið er einu samtökin gegn kynferðis og heimilisofbeldi sem að eru með símann opinn allan sólarhringinn allan árssins hrings, eins líka eru þær og hafa gert farið heim til fólks sem ef það óskar eftir því. Þess vegna er mikilvægt að halda þessum samtökum gangandi en til þess þarf fjármagn. Öll þjónusta við þolendur og aðstandendur er þeim að kostnaðarlausu.

Ný stjórn

Ný stjórn var skipuð á aðalfundi félagsins í september og er hún nú skipuð eftirfarandi konum:

- Anna María Hjálmarsdóttir - formaður
- Sigríður Þórisdóttir - varaformaður
- Hrefna Björg Waage Björnsdóttir - gjaldkeri
- Eygló Sigurðardóttir - ritari
- Jóhanna Guðný Birnudóttir - meðstjórnandi
- Birgitta Hrönn Sæmundsdóttir - meðstjórnandi
- Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir – meðstjórnandi